

Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Heiti:	IS Lausafjársafn hs.	Kennitala:	490914-9860
Rekstraraðili:	Íslandssjóðir hf.	ISIN:	IS0000025153
Sími:	+354 440 4900	Vörsluaðili:	Íslandsbanki hf.
Vefsíða:	https://www.islandssjodir.is/sjodir/	Söluaðili:	Íslandsbanki hf.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og er rekinn af Íslandssjóðum hf. kt. 690694-2719, dótturfélagi Íslandsbanka hf. Íslandssjóðir hafa starfsleyfi á Íslandi og heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Vakin er athygli á að um flókna afurð er að ræða og erfitt gæti verið að skilja án ráðgjafar.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta.

Líftími

Sjóðurinn er opinn sjóður og hefur enga lokadagsetningu. Sjóðnum verður ekki slitið nema að fyrir liggi samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis. Frekari upplýsingar er að finna í útbodslýsingu sjóðsins.

Markmið

Markmið sjóðsins er að skila jafnri og stöðugri hækkun eigna með fjárfestingum á Íslandi í innlánum, víxlum, skuldabréfum og öðrum fjármálagerningum með stuttan líftíma.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í innlánum, víxlum, skuldabréfum og öðrum fjármálagerningum með stuttan líftíma. Meðallíftími sjóðsins er áætlaður 0-180 dagar og skulu einstakar fjárfestingar sjóðsins í innlánum, víxlum, skuldabréfum og öðrum fjármálagerningum sem útgefnir eru af fjármálaþyrskjnum ekki hafa lengri tíma til lokagjalddaga en 370 daga. Ekki er takmörkun á hámarkslíftíma einstakra fjárfestinga þar sem útgefandi er ríkissjóður Íslands.

Sjóðnum er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum, í formi afleiðna og fjármögnunarviðskipta með verðbréf, í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að binda allt að 25% af eignum í viðskiptum með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, þó aldrei meira en 10% við sama aðila og verð afleiður einungis nýttar til að draga úr lausafjárahættu sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt að taka skammtímalán. Slík lán mega ekki nema meira en 25% af heildareignum sjóðsins. Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.

Ávöxtun sjóðsins ræðst af hækkun eða lækkun á markaðsvirði eigna sjóðsins á fjárfestingartímanum, þ.e. það tímabil sem þú átt hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga að venjulegum kringumstæðum.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í skamman tíma. Áætlaður meðallíftími eigna IS Lausafjár safns er 1-180 dagar. Stuttur meðaltími gerir það að verkum að gengi sjóðsins verður stöðugur en ella og að ólíklegt er að gengi hans lækki verulega sökum vaxtahækkunar. Ennfremur hefur hátt hlutfall innlána þau áhrif að gengið breytist lítið með sveiflum á markaði. Til að fjárfesta í sjóðnum er ekki krafist sérstakrar þekkingar né reynslu á fjármálamörkuðum eða fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar um sjóðinn, þar með talið innlausnarvirði (gengi) sjóðs, útbodslýsingu sjóðsins, tilhögun viðskipta, upplýsingablað, ársreikning sjóðsins og Íslandssjóða ásamt starfskjarastefnu Íslandssjóða á íslensku má nálgast á www.islandssjodir.is.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?



Áhættuvísir gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 0,02 ár.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum.

Sjóðurinn mælist í áhættuvídi 1 af 7, þ.e.a.s. sem lægsti áhættuvísir. Þetta þýðir að það er mjög lá áhætta á sveiflum í gengi sjóðsins. Áhættuvísirinn endurspeglar aðallega verðbreytingar í eignum sem sjóðurinn hefur fjárfest í.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum en áhættuvísirinn nær ekki yfir:

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstremis viðskiptanna á sér stað.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg og pólitísk áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Seljanleikaáhætta/Lausafjáraáhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

Sjálfbærni áhætta: Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnhátta sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins þannig að þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni í sjóðnum.

Árangurssviðsmyndir

Þessi tafla sýnir féð sem þú gætir fengið til baka á næstu 0,02 árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum. Sviðsmyndin tekur mið af fjárfestingu fyrir 1.000.000 kr.

Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur fjárfestingunni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér.

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa og hámarks upphafsbóknun sem rennur til söluaðila en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða söluaðila og felur í sér kostnað vegna ráðgjafa þíns eða söluaðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattstöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Ráðlagður fjárfestingartími: **0,02 ár**

Fjárfesting: **1.000.000 kr.**

Ef innleyst eftir (ár):		0,02	1
Lágmark Lágmarksávöxtun er ekki tryggð, þú getur tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni			
Álagssviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	999.000 kr	991.000 kr
	Meðalávöxtun	-0,1%	-0,9%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.000.000 kr	1.044.000 kr
	Meðalávöxtun	0,0%	4,4%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.000.900 kr	1.048.000 kr
	Meðalávöxtun	0,1%	4,8%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.002.000 kr	1.053.000 kr
	Meðalávöxtun	0,2%	5,3%

Hvað gerist ef Íslandssjóðir geta ekki greitt út?

Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum. Til fullnustu skuldbindinga sjóðsins standa einungis eignir sjóðsins. Rekstraraðili og vörsluaðili sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Samkvæmt lögum skal vörsluaðili sjóðsins varðveita alla fjármálagerninga sjóðs og tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum. Eignarhlutdeild í sjóðnum fellur ekki undir lágmarksvernd Tryggingasjóðs vegna fjármálafyrirtækja, samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingu og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, né önnur bóta- eða ábyrgðarkerfi.

Hver er kostnaðurinn?

Aðilinn sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Kostnaður yfir tíma

Fjárhæðirnar sem eru sýndar fela í sér uppsafnaðan kostnað yfir mismunandi fjárfestingartímabil. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni. Lækkun á ávöxtun (RYI) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður, sem þú greiðir, mun hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Við gerum ráð fyrir að á ári 1 sé 0% árleg ávöxtun.

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Ef innleyst eftir (ár):	0,02	1
Heildarkostnaður	100 kr	4.070 kr
Áhrif á ávöxtun (RIY)*	0,0%**	0,4%

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður lækkar ávöxtun þína á eignarhaldstímabilinu. Sem dæmi, þá sýnir þetta að innleysir þú fjárfestingu þína eftir eitt ár þá er meðalávöxtun þín á hverju ári áætluð 5,2% fyrir kostnað og 4,8% eftir kostnað.

(**) Ekki er hægt að bera saman áhrif af kostnaði við aðrar afurðir ef eignarhaldstími er undir eitt ár.

Samsetning kostnaðar

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Stakur kostnaður		% af fjárfestingu	Ef þú selur eftir 1 ár
Inngöngukostnaður	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar. Þetta er hámarks upphafsgjöld sem söluaðila er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra, en upplýsingar um slíkt má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.	0,0%	0 kr
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngukostnað.	0,0%	0 kr
Viðvarandi kostnaður			
Umsjónarlaun og annar rekstrarkostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir stýringu sjóðsins. Þetta er byggt á rauntölum s.l. rekstrarár.	0,40%	3.980 kr
Viðskiptakostnaður	Áhrif kostnaðar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar. Þetta er byggt á s.l. 3 rekstrarárum og breytist í takt við fjölda viðskipta sjóðsins.	0,01%	90 kr
Aukakostnaður			
Árangurstengdar þóknarir	Við innheimtum ekki árangurstengda þóknarir.	0,0%	0 kr

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 0,02 ár (1 vika)

Sjóðurinn er opinn öllum fjárfestum og hentar sérstaklega þeim sem vilja ávaxta fé sitt í skamman tíma og fá jafna og stöðuga ávöxtun. Fjármuni í sjóðnum er hægt að losa með eins dags fyrirvara. Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda án kostnaðar en söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 15.00 eru afgreiddar næsta virka dag. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að tveimur virkum dögum liðnum.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Íslandsbanka, söluaðila sjóðsins, með tölvupósti á verdbref@islandsbanki.is, í síma 440 4000 eða í bréfpósti á heimilisfangið Hagasmári 3, 201 Kópavogur. Þú getur einnig sent Íslandssjóðum kvörtun með ýmsum hætti, s.s. með tölvupósti á islandssjodir@islandssjodir.is eða í bréfpósti á heimilisfangið Hagasmári 3, 201 Kópavogur.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast á: <https://www.islandssjodir.is/>

Ávöxtun sjóðs síðustu 10 ára (eða frá stofnun) má finna hér:

<https://www.islandssjodir.is/library/Files/Sjodir/-utbodslýsingar/Lausafjarsafn.pdf>